

**Nd.**

### **335. Tillaga**

til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um samkomnstað Alþingis.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Benedikt Sveinsson, Magnús Torfason,  
Porleifur Jónsson, Hákon Kristófersson, Hannes Jónsson, Bjarni Ásgeirsson,  
Bernharð Stefánsson, Halldór Stefánsson, Jörundur Brynjólfsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þjóðaratkvæðagreiðslu sem fyrst — og eigi síðar en við fyrirhugað landskjör vorið 1930 — nm það, hvort Alþingi skuli eftirleiðis háð á Þingvöllum eða í Reykjavík. Skal við atkvæðagreiðslu farið eftir kjörskráum við alþingiskosningar í sjerstökum kjördæmum.

### **Greinargerð.**

Tillaga nm þetta efni var borin fram í Nd. Alþingis 1926 og fjell þar með 14 gegn 12 atkvæðum. Vöktu afdrif hennar talsverða eftirtekt víða í sveitum landsins og hefir áhugi á þingflutningi síðan birst almennar en áðnr, einknm hjá nngmennafjelögum landsins, en einnig í blöðnm og timaritnm, enda hefir nálægð þinghátidarinnar ýtt nndir hreyfingna.

Enginn vafi er á því, að óskin nm að eignast aftur Óxarárþing á ennþá djúpar rætnr i hugnm landsmanna. Ljósastur vottur þess ern fjölmargar áskoranir, sem Alþingi hafa borist síðustu daga, viðsvegar af landinn, um ráðstafanir til þjóðaratkvæðagreiðslu um þingflutninginn. Samskonar áskoranir koma einnig fram i nokkrum þingmálafundargerðum.

Engin ljettúð eða eigingjarnar hvatir hafa lagt þessa ósk á tungu þjóðar-

innar. Þvert á móti. Óskín er ótvíráðasti vottur nmbýggju þjóðarinnar fyrir þeirri stofnun, sem var og er og verður ætíð fjóregg hennar, — fyrir Alþingi sjálfu og velfarnan þess.

Vjer, sem tillöguna flytjum, álitum sjálfsagt að virða þessa ósk og gefa þjóðinni færi á að skera úr málinu með atkvæðagreiðslu. Þess vegna er tillagan fram komin.